

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð

**Efni:** Breyting á gjaldskrár fræðslu- og frístundasviði er varða leikskólagjöld og frístundasel

**Dags:** 19. ágúst 2024

**Málsnúmer:** 202303627/2.5

**Sendandi:** Pétur Jens Lockton, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

### Tillaga:

Lagt er til að gjaldskrár fræðslu- og frístundasviðs er varða leikskólagjöld og frístundasel lækki um 4% frá og með 1. september.

### Greinargerð:

Á fundi bæjarráðs þann 14. mars sl. sem samþykkt var í bæjarstjórn 20. mars 2024 var eftirfarandi samþykkt:

Bæjarráð Mosfellsbæjar lýsir því yfir að sveitarfélagið muni greiða fyrir gerð kjarasamninga til fjögurra ára sem miða að því að ná niður verðbólgu og vaxtastigi. Bæjarráð telur nauðsynlegt að allir hagaðilar á vinnumarkaði leggi sitt af mörkum til að greiða fyrir gerð slíkra kjarasamninga. Ljóst er að lækkun verðbólgu og vaxtastigs mun fela í sér miklar kjarabætur fyrir alla íbúa. Þann 10. janúar 2024 samþykkti bæjarstjórn Mosfellsbæjar eftirfarandi yfirlýsingu: „Eitt brýnasta hagsmunamál íslensks samfélags er að komið verði böndum á verðbólgunu. Ljóst er að með samvinnu allra aðila á vinnumarkaði mun bestur árangur nást í þeirri baráttu. Eins og fram kom í umræðum um fjárhagsáætlun ársins 2024 mun Mosfellsbær ekki láta sitt eftir liggja í þeirri baráttu. Mikilvægt er að halda því til haga að Mosfellsbær er með lægstu leikskólagjöld og ódýrustu skólamáltíðir í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hvetur alla hagaðila til að taka þátt í þjóðarsátt. Enn fremur vill bæjarstjórn Mosfellsbæjar nú taka af allan vafa um að ef næst þjóðarsátt milli aðila vinnumarkaðarins, bæði á einka- og opinberum markaði, ríkis og sveitarfélaga, sem felur í sér tillögu um lækkun gjaldskráa sveitarfélaga þá mun Mosfellsbær ekki skorast undan þátttöku í þeim aðgerðum.“ Í samræmi við bókun bæjarstjórnar frá 10. janúar síðastliðnum er Mosfellsbær því tilbúinn til að leggja sitt af mörkum til að ná þeim markmiðum sem koma fram í yfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Mosfellsbæjar var lagt til grundvallar að gjaldskrár hækkuðu að jafnaði um 7,5%. Í yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga frá þann 8. mars er talað um endurskoðun gjaldskrárhækkana sem tóku gildi um síðustu áramót er varðar barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu þannig að miðað sé við að hækkun ársins verði ekki umfram 3,5%. Í samræmi við framangreinda samþykkt er lagt til að gjaldskrár leikskóla og frístundasela lækki um 4% frá 1. september n.k. Áhrif lækkunarinnar eru þau að tekjur af leikskólagjöldum og fæðisgjaldi í leikskólum lækka um 4,2 m.kr. og tekjur af frístundaselum lækka um 1 m.kr.

Virðingarfyllt,

Pétur Jens Lockton